



PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í **des.** Efni þarf að berast í síðasta lagi **3. des 2021**



Frá Bókasafni Hrunamanna



Nú eru jólabækurnar farnar að lenda á bókasafninu. Því er um að gera að kíkja við og athuga hvað biður nýtt og spennandi í hillunum eða hafa samband. Einnig er tilvalið að grípa með sér púsl sem eru til útláns.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 11-13

Sjáumst á bókasafninu ☺

Bókasafn Hrunamanna


Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang:

bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook.

Urður bókafélag á Hellu verður með bókakynningu, á bókasafninu, á opnunartíma þess þann 24. nóvember.

Ævisögur, þýddar skáldsögur, sagnfræði bækur og ungmennabækur.

Þær verða til sölu á hagstæðu verði og hægt að fá sumar þeirra áritaðar ef vill.

Verið velkomin



Sundlaugin á Flúðum.

Vetraropnun:

Mánudaga til miðvikudaga: 16:00-20:30

Fimmtudaga: LOKAÐ

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Nóv 2021
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

31 árgangur.
365 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Nóvember er runninn upp og eins og alltaf styttist árið í annan endann og að vetur konungur nái í skottið á okkur. Reyndar er kærkomið að hann láti aðeins biða eftir sér og sérstaklega til að framkvæmdatíminn ná að lengjast inn í veturinn.

Við erum t.d enn að taka á móti seyru og keyra upp í landgræðslugirðingu sem er ágætt því vegna ýmissa vankanta hjá verktaka sem á að hjálpa okkur við hreinsun seyru hefur verkið tafist verulega og veitir ekki af því að nýta nóvembermánuð eins og kostur er. Annars eykst alltaf magnið sem við erum að taka á móti frá öðrum en Seyrusveitarfélögunum og nýjustu kunnar okkar verða væntanlega Veitur og Ferðafélag Íslands. Það er alltaf að koma betur í ljós hversu frábært þetta úrræði okkar er og aðstaðan á Seyrustöðum gerir okkur kleyft að lengja mót-tökutímabilið.

Nú stendur yfir vinna við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps fyrir árið 2022 auk fjárhagsáætlunar fyrir árin 2023-2025. Sú vinna hefur rúllað áfram með hefðbundum hætti í góðri samvinnu starfsfólks skrifstofunnar, forstöðumönnum stofnanna, nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins. Það er alltaf jafn nauðsynlegt og uppbyggilegt að funda með nefndum og ráðum sveitarfélagsins, bæði til að miðla upplýsingum og þiggja þær, til að skapa góðan grunn fyrir starfssemi sveitarfélagsins á næsta ári og auka gagnkvæman skilning á þessu vandasama hlutverki að reka samfélag.

Við reynum alltaf að vera varfærin í áætlunargerðinni, sérstaklega tekjumegin. Hins vegar er ákveðin óvissa varðandi árið 2022, sérstaklega þar sem kjarasamningar ýmissa stétta losna um áramótin eða á næsta ári. Síðan er auðvitað óvissa um verðlagshorfur o.fl. en ef hagkerfið fer af alvöru af stað á næsta ári ætti þetta að ganga upp en varðandi árið 2021 þá er verðlag því miður í neikvæðum takti við spár á síðasta ári og ætli verðbólgan endi ekki í 4,3% sem er alltaf vonbrigði.

Annars er almennt gert ráð fyrir hóflegum hækkunum á gjaldskrár en þó þarf að hugsa til hækkunar í einstökum málaflokkum eins og varðandi afsetningu á úrgangi auk fráveitu og þá mun ekki fjárhagur sveitarfélagsins bera skattalækkunar. Á móti má segja að lögð sé áhersla á að koma til móts við barnafólk með þróun leikskólans til gjaldfrelsis og almennt eru gjaldskrár sem snerta börn ekki að hækka mikið og sumt ekki neitt.

Það er búið að setja upp helstu plön í framkvæmdum og viðhaldi sem vonandi ganga fjárhagslega upp en eins og fjárfestingin á árinu 2022 er lögð upp nemur hún nettó um 211 millj. Stór verkefni eru m.a. við gatnagerð og veituframkvæmdir í Garðastíg, uppsetningu á hreinsistöð í Gröf og tengingu við Akurgerði, frágang við félagsheimilið, dælustöðvar á Kópsvatni og við Garðastíg, klára vatnstank í Berghylsfjalli o.fl.

Varðandi rekstur sveitarfélaganna og framtíðina þá held ég að það sé alltaf að verða ljósara að það þarf að stækka stjórnsýslueiningarnar með samningu sveitarfélaga til að við höfum bolmagn til að veita þá þjónustu sem nauðsynleg er. Það er sífellt verið að gera meiri opinberar kröfur á sveitarfélögin og einnig um þjónustu við íbúa sem þarf að bregðast við. Vona ég að þessi umræða komist af stað í næstu sveitarstjórnarkosningum því annars er hætt við að litlu sveitarfélögin muni tapa samkeppnisforskoti á þau stærri.

Þessu tengt þá var haldið ársþing SASS á dögnum þar sem sveitarfélögin á Suðurlandi bera saman bækur sínar og líta fram á næsta ár. Ljóst er að rekstur sveitarfélaganna verður erfiður á þessu ári og mun eflaust verða áfram þungur á næsta ári. Hins vegar er jafnljóst að ef Suðurland heldur vel á sínum spilum þá er framtíðin okkar.

Varðandi framtíðina þá er gaman að sjá hvað mikill kraftur er í sauðfjárræktarfélagi Hrunamanna og bar sýningin í Reiðhöllinni þess merki. Fyrir utan hvað þetta er merkilegur viðburður þá er ljóst að ekki hafa menn lagt árar í bát varðandi frekari ræktun sauðkindarinnar og óska ég verðlaunahöfum til hamingju með stimpilinn.

Það eru líka fleiri að standa sig og það er jákvætt þegar fyrirtæki í Hrunamannahreppi teljast til fyrirmyndafyrirtækja 2021 hjá Credit Info. Í þetta skiptið eru það Gröfutéknir og Flúðajörfi sem komust á listann og óska ég þeim til hamingju með það.

Að lokum þá erum við enn að lenda í því að músagangur herjar á okkur í ljósleiðarakerfinu og hafa tvær bilanir orðið vegna þess að þeim finnst einangrunarteip gott á bragðið því væntanlega er næringargildið lítið. Sem betur fer erum við betur búin til að bregðast við slíkum bilunum og á TRS þakkir skyldar fyrir skjót viðbrögð en jafnframt biðjumst við velvirðingar á þeim truflunum sem þetta hefur valdið. Væntanlega er músunum alveg sama og við þurfum greinilega að gera enn frekari ráðstafanir til að bæggja þeim frá. Við myndum síðan þiggja enn fleiri notendur á Flúðum inn í Hrunaljósakerfið okkar því þessi samfélagslegi rekstur okkar þarf á því að halda.

Njótum síðan árstíðarinnar og látum ljósin tala.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

Myndir frá árshátíð 1.—7. bekkjar Flúðaskóla.





NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it´s available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -
Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf



Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.
Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00
og 13:00-16:00,
Föstudaga: 09:00-12:00



Hrunamannahreppur



Styrktartónleikar fyrir Einstök börn

Félagsheimilinu Flúðum 19. nóv. Kl 20.30.

Fram koma Helena Steinþórsdóttir, Margrét Harpa Jónsdóttir, G-G, L-L, Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna, Vörðukórinn og Sönghópurinn Þrusk. Stjórnendur eru Eyrún Jónasdóttir og Stefán Þorleifsson.

Öll ljóð sem flutt verða eru eftir Möggu S. Bryjólfsdóttur við lög eftir Stefán Þorleifsson og Möggu sem jafnframt er kynnrir og umsjónarmaður kvöldsins.

Aðgangseyrir er 3000 kr. en einnig er tekið við frjálsum framlögum.

Ágætu félagar

Við ætlum að minna á opna húsið hjá Félagi eldri Hrunamanna, sem verður í Félagsheimili Hrunamanna 18.nóvember kl.14:00.

Spiluð verður félagsvist og kaffiveitingar á eftir.

Kveðja Guðrún og Karl Varmalæk.

Hvatagreiðslur. Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Mínum foreldra og forráðamenn barna á aldrinum 6 – 16 ára að skila inn umsóknum um hvatagreiðslur fyrir haustönn 2021 fyrir 1. desember .

Flokkunarhornið.

Dæmi um spilliefni:

- Efnavörur sem eru í hættumerktum umbúðum
- Olía og olíumengaður úrgangur (t.d. olíumengaðir klútar)
- Málning, lakk og leysiefni (þynnir)
- Kvikasilfursvörur
- Kælimiðlar (t.d. freon)
- Rafgeymar
- Rafhlöður
- Prentihylki (geta innihaldið spilliefni)
- Ljósaperur (geta innihaldið spilliefni)
- Raftæki (geta innihaldið spilliefni)



LANDSTÓLPI 20
ára
-2000-2020-

**Þú færð rekstrarvörur til heimilis og olíuvörur hjá okkur!
.....og allt fyrir dýrin....stór og smá!**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi | Sími 480 5600 - Opið virka daga 8-17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum | Sími 480 5610 - Opið virka daga 9-17

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási.

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá 8-15
alla virka daga.**

Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

**Blóðprufur eru teknar mánudaga til fimmtudaga. Athugið
að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf
að liggja fyrir .**

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035

Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga,
föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið
aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa sam-
band við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355

KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Íþróttahús: vetur 2021-2022



Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2
								12:30-13:30	Íþróttaskóli 1&2.b
14:00-15:00	14:10-15:10						14:00-15:00	13:30-15:00	7.-10. fl.
Eldri borg	Mb. 3-6.b						Tími eldri borgara		
		15:00-16:00		15:00-16:00		15:10-16:10			
		7.-8. flokkur		Íþróttaskóli 1. & 2. b		Minnibolti 3.-6. b.			
16:10-17:10	16:10-17:10		16:10-17:30	16:10-17:30		16:10-17:20		16:00-17:30	
Frjálssar: 1-5	Fjölsktími		Mb. 3-6.b	Frjálssar 6.-10. b.		7.-8. flokkur		Fjölskyldutími	
17:10-18:30		17:30-19:00		17:30-19:00		17:20-18:30		17:30-19:00	
Frjálssar 6.-10. b.		9.-10. flokkur		7.-10. flokkur		9.-10. flokkur		M.fl KK	
19:00-20:30		19:00-20:30	19:00-20:30	19:00-20:30		18:30-20:00	18:30-20:00		
M.fl KK		Blak KVK	Blak KK	M.fl KK		M.fl KK	Blak KVK		
20:30-21:30	20:30-21:30	20:30-22:00		20:30-21:30	20:30-22:00	20:00-21:30	20:00-21:30		
Öldb Karfa		Drengjafi & meistara		Karfa korpur	Öldb Karfa	Blak KK	Öldb. fótbolt		

Tækjasalur: opið um helgar ef það er leikur í íþróttahúsi, fylgist með á fésbókarhópi íþróttahúsins: "Íþróttahúsið Flúðum"

Vetur 2021-2022



Kl.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
					13:00 Salur opnar
					Frjálssar
					14:00
					15:00
16:00	Salur opnar	Salur opnar	Salur opnar	Salur opnar	
17:00			9.-10. fl.		
18:00					Lokar 18:00
19:00			M.fl KK		
20:00					
21:00					
	Lokar 21:30	Lokar 21:30	Lokar 21:30	Lokar 21:30	



HRUNAPRESTAKALL

Kæru sveitungar.

Kirkjustarfið hefur rúllað af stað á þessu hausti. Kirkjukórarnir æfa á mánudagskvöldum og fermingarfræðslan hófst í lok september. Framundan er síðan kirkjuskóli fimm laugardaga í röð í Hrepphólakirkju kl. 11. Þá vek ég athygli á kvöldmessu sem verður mánudagskvöldið 22. nóvember kl. 20 í Ólafsvallakirkju en þá ætlum við að fagna sérstaklega viðamiklum framkvæmdum sem staðið hafa yfir síðustu mánuði og misseri á kirkjunni og garðinum. Framkvæmdunum verða gerð skil og boðið upp á léttar veitingar að messu lokinni. Annars er dagskrá helgihaldsins framundan sem hér segir:

Sunnudagur 31. okt: Guðsþjónusta í Hrepphólakirkju kl. 11 og guðsþjónusta í Stóra-Núpskirkju kl. 13.

Mánudagur 22. nóvember: Kvöldmessa í Ólafsvallakirkju kl. 20. Endurbótum á kirkjunni fagnað.

Kirkjuskóli laugardagana 30. okt, 6. nóv., 13. nóv, 20. nóv. og 27. nóv - kl. 11 í Hrepphólakirkju

Laugardagur 27. nóv.: Helgistund kl. 14 í Hruna og helgistund kl. 15 í Hrepphólakirkju. Ljós tendruð á leiðum í kirkjugörðum.

Sunnudagur 28. nóv.: Aðventuhátíð með þátttöku nemenda í Þjórsárskóla, kirkjukórs, fermingarbarna ofl. í Árnesi kl. 15 og aðventukvöld með þátttöku kirkjukórs og fermingarbarna í Hruna kl. 20. **Ræðumaður á báðum samkomum verður sr. Sigfinnur Þorleifsson.**

Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is



RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPÞJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

Bílaverkstæði



Opið frá kl: 08:00-17:00

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is



Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.
Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.
Vinsamlegast pantið tíma í síma
845-9816 Halyna.



Fótaaðgerðastofa Öddu Siggu Miðfelli 2a

Opið alla virka daga frá 8-16
Tímáttanir í s: 8676580



80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.
Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.
Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning
eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

Góð stemning á hrútasýningu Sauðfjárræktarfélags Hrunamanna

Fjölmenni sótti vel heppnaða hrútasýningu sem Sauðfjárræktarfélag Hrunamanna hélt laugardaginn 16. október sl. í Reiðhöllinni á Flúðum. Ekki var aðeins margt um manninn heldur var líka mikið af fallettu fé. Alls komu kindur frá tólf bæjum í sveitinni og gat þar að líta lambhrúta af ýmsum litum og gerðum og lambgimbrar sömuleiðis og margar mjög litskrúðugar. Einnig mátti sjá forystufé. Það kom einmitt í hlut tveggja forystugimbra að útnefna sigurvegara í rollubingóinu en þar var afgirtu hólfi skipt í 36 reiti og viðstaddir biðu í ofvæni eftir því að forystugimbrarnar pissuðu í réttu reitina! Sérlegir dómarmenningar voru sem fyrr Sigurfinnur Bjarkarson frá Tóftum og Jökull Helgason á Ósabakka. Þeir sýndu mikla færni í störfum sínum og útskýrðu dómanna vel fyrir viðstöddum. Keppt var í hinum ýmsu flokkum. Í flokki mislitra lambhrúta varð efstur móflekktur hrútur (undan Glámssyni) frá Syðra-Langholti, í öðru og þriðja sæti urðu hrútar, báðir undan heima-hrútum, frá Magnúsi og Alinu á Kópavatni. Magnús og Alina áttu einnig efsta hrútinn í hópi veturgamalla hrúta sem er hvítur og kollóttur ættaður frá Broddanesi á Ströndum. Hrútur frá Syðra-Langholti undan Velli, sæðingarstöðvarhrútur, varð þar í öðru sæti og þriðji var hrútur frá Þverspyrnu einnig undan Velli. Í fyrsta sæti í flokknum „best gerða gimbrin“ varð gimbur frá Hruna undan Muninn sem er sæðingarstöðvarhrútur, í öðru sæti gimbur frá Hrafkelsstöðum undan heimahrútur og í því þriðja gimbur frá Ásatúni. Yfir fjörtíu hrútar komu til álita í flokki hvítra lambhrúta en þar varð efstur, eftir mikið þukl og spekúleringar hjá dómurum, hrútur frá Hruna sem er undan heimahrúti ættuðum frá Mávahlíð, í öðru sæti var hrútur frá Hrepphólum undan Muninn og í því þriðja hrútur frá Langholtskoti undan Heimakletti sem einnig er sæðingarstöðvarhrútur. Þá var gestum hrútasýningarinnar boðið að þukla fjóra lambhrúta og raða þeim upp eftir gerð. Góð þátttaka var í þuklinu og svo fór að ungur efnispiltur ættaður frá Syðra-Langholti, Birkir Aron Ársælsson, og Grímur Guðmundarson í Ásatúni fóru með sigur af hólmi. Einnig kom til kasta allra viðstaddra á sýningunni að kjósa skrautlegustu gimbrina en þar komu margar fallettar til álita. Þegar búíð var að telja upp úr kössunum stóð efst móflekkt gimbur frá Syðra-Langholti. Það kom loks í hlut „íhaldsmanna“ síðustu hrútasýningar, systranna Önnu Maríu og Ástbjartar Magnúsardætra, að útnefna arftaka sinn. Þær völdu Unnstein Hermannsson í Langholtskoti „íhaldsmann sýningarinnar“ eftir frábær tilþrif hans með kollóttan lambhrútur sem lét býsna ófriðlega um tíma. Stjórn Sauðfjárræktarfélagsins þakkar öllum gestum og þátttakendum á hrútasýningunni fyrir ánægjulega og vel heppnaða samveru.

Best gerða gimbrin:

1. Óskar Snorri frá Hruna.
2. Atli Geir Hrafnkelsstöðum
3. Grímur í Asatúni



Hvítir lambhrútar:

1. Óskar Snorri frá Hruna.
2. Björgvin í Hreppólum.
3. Hermann í Langholtskoti.



Mislitir lambhrútar: 1. Þórmundur frá Syðra-Langholti. 2. Ástbjört frá Kóp-
vatni. 3. Anna María Kópvatni



Skrauflegasta gimbrin: Þórmundur frá Syðra Langholti





Veturgamlir hrútar: 1. Kópsvatn. 2. Syðra-Langholt 3. Þverspyrna



Vilt þú gerast stuðningsfjölskylda?

Skóla og velferðarþjónusta Árneshvíks óskar eftir stuðningsfjölskyldum.

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að taka barn eða börn tímabundið í umsjá sína í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu þeirra. Stuðningsfjölskylda léttir ekki einungis álagi af fjölskyldum heldur gefur það barninu möguleika á aukinni félagslegri þátttöku.

Um er að ræða 2-4 sólarhringa í mánuði og er gerður samningur þar um.

Umsóknar eyðublað má finna á heimasíðu Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíks

www.arnesthing.is.

Frekari upplýsingar veitir Edda Sigurjónsdóttir, félagsráðgjafi, í síma 480-1180 eða á netfanginu edda@laugaras.is

Í sumar voru haldnir aðalfundir hestamannafélaganna Loga, Smára og Trausta þar sem samþykkt var að sameina skildi hestamannafélögin í eitt félag. Þann 1. júlí síðastliðinn hittust stjórnir félaganna þriggja á Geysi þar sem að stofnfundur félagsins var haldinn. Félögin tilnefndu sjö manna starfsstjórn sem skal sitja fram að fyrsta aðalfundi sem fram á að fara í janúar 2022.

Í starfsstjórn sitja:

Birgir Leó Ólafsson, Stangarlæk

Bragi Viðar Gunnarsson, Túnsbergi

Guðrún S. Magnúsdóttir, Bræðratungu

Ólafur Gunnarsson, Helgastöðum

Ragnheiður Eggertsdóttir, Borg

Ragnhildur Stefanía Eyþórsdóttir, Flúðum

Svavar Jón Bjarnason, Reykholti

Verkefni starfsstjórnar fram að aðalfundi eru nokkur en helst má þar nefna:

Nafn á nýtt félag.

Semja og leggja fram lög fyrir nýtt félag

Ákveða hvaða nefndir eiga að vera starfandi og finna áhugasamt fólk í þær.

Ganga frá aðild nýja félagsins að Landsambandi Hestamannafélaga, Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og Héraðssambandi Skarphéðins.

Eins og áður kom fram þarf að finna nafn á nýja félagið. Í samein- ingarviðræðum félaganna var ákveðið að nöfn gömlu félaganna þriggja koma **ekki** til greina sem nafn sameinaðs félags. Ákveðið hefur verið að efna til nafnasamkeppni og óskar starfsstjórnin eftir tillögum að nýju nafni frá félagsmönnum hestamannafélaganna og öðrum íbúum á svæðinu.

Frestur til að skila inn tillögu að nafni er til **20. desember 2021**. Starfsstjórnin mun velja fimm nöfn úr innsendum nafnatillögum og verður síðan nafnakosning á aðalfundi sameinaðs félags í janúar 2022. Kosningin verður í tveimur umferðum. Í fyrri umferð verður kosning um öll nöfnin fimm sem tilnefnd verða en í seinni umferð verður kosið um þau tvö nöfn sem flest atkvæði hlutu í fyrri umferð kosninganna. Fyrir seinni umferð kosninga verður ekki gefin upp atkvæðafjöldi nafna úr fyrri umferð.

Við óskum eftir þinni þátttöku í vali á nafni nýs Hestamannafélags og skal tillögum skilað á tölvupóstfangið starfsstjorn@gmail.com ekki seinna en 20. desember.

Sameinaða félagið hefur nú þegar haldið tvo viðburði sem voru báðir gríðarlega vel sóttir. Farið var í félagsreiðtúr í sumar, riðið var um Þingvelli undir leiðsögn Einars Á. Sæmundssen Þjóðgarðsvarðar. Á haustmánuðum hélt svo félagið vinnusýningu með Benedikt Líndal tanningameistara.

Fleiri viðburðir eru á döfnni og má þar fyrst nefna skemmtikvöld sem haldið verður þann 12. nóvember í Aratungu og hefst kl. 20. Fjölbreytt dagskrá verður, meðal annars “pubquiz” með veglegum verðlaunum fyrir vinningslið kvöldsins. Dagskráin verður nánar kynnt þegar nær dregur.

Einstaka nefndir hafa nú þegar tekið til starfa og hefur æskulýðsnefnd þegar komið saman og hafið skipulagningu æskulýðsstarfsins. Aðrar nefndir munu taka til starfa núna á haustmánuðum og í vetur.

Það er von og ósk starfsnefndar að sem mest þátttaka fái í starf og undirbúning fyrir aðalfund nýs félags. Það er mikill hugur og væntingar í félagsmönnum fyrir nýju hestamannafélagi og sameinaður þróttur gömlu félagana ætti að gefa enn frekari tækifæri til að halda úti öflugum félagsstarfi nýs hestamannafélags.

Með bestu kveðjum,

Starfsstjórn Hestamannafélags Uppsveita



JÓLADAGUR LITLU BÆNDABÚÐARINNAR Á MELUM

Laugardaginn 4. desember

11:30-17:30

**JÓLAGLÖGG OG JÓLASNARL
FYRIR GESTI OG GANGANDI**

**HANGIKJÖT, LAMBALÆRI,
NAUTASTEIKUR, GRÆNMETI, ÝMIS
KONAR BAKKELSI OG JÓLASTEIKUR
FRÁ KORNGRÍS**

**BÆNDURNIR Í LANGHOLTSKOTI
VERÐA MEÐ SMÖKKUN Á STAÐNUM
OG STÍNA KOKKUR VERÐUR MEÐ
ALLSKONAR GÖÐGÆTI**

**OPIÐ 11:30 - 17:30
MIÐVIKUDAGA TIL SÖNNUDAGA**



LYFJA SELFOSSI
ÚTIBÚ LAUGARÁSI

BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

OPIÐ

10-16 mán - fim

Lokað fös - sun



Gréta Gísladóttir

Málverk,
eftirprentanir og kort



[gretagisla.is](https://www.facebook.com/gretagisla.is)

2021 Hrunamannahreppur

Grátunna og lifrænt allur Neðri Hrunamannahreppi
 Grátunna og lifrænt Efri Hrunamannahreppur
 Blátunna allt svæðið
 Rúllurplást

September							Október						
SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Þett	Laug	SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Þett	Laug
			1	2	3	4							
5	6	7	8	9	10	11	3	4	5	6	7	8	9
12	13	14	15	16	17	18	10	11	12	13	14	15	16
19	20	21	22	23	24	25	17	18	19	20	21	22	23
26	27	28	29	30			24	25	26	27	28	29	30
							31						

Nóvember							Desember						
SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Þett	Laug	SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Þett	Laug
			1	2	3	4							
7	8	9	10	11	12	13	5	6	7	8	9	10	11
14	15	16	17	18	19	20	12	13	14	15	16	17	18
21	22	23	24	25	26	27	19	20	21	22	23	24	25
28	29	30					26	27	28	29	30	31	1

